



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum með síðari breytingum, 788. mál.

Efnahags- og skattanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Samkvæmt áætlun stjórnvalda er gert ráð fyrir að afnám gjaldeyrishafta taki lengri tíma en til þessa hefur verið talið, eða til ársloka 2015. Því þyki rétt að lögfesta þær reglur um gjaldeyrismál, nr. 370/2010, sem Seðlabanki Íslands hefur sett, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál. Gert er ráð fyrir að ákvæðin gildi til ársloka 2015.

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna takmarkaðan rökstuðning fyrir nauðsyn gjaldeyrishafta næstu 5 ár. Samtökin vilja vekja athygli á að staða efnahagsmála er allt önnur og betri nú en í miðju bankahruni haustið 2008 þegar gjaldeyrishöftin voru sett á. Þannig reyndist ótti stjórnvalda ástæðulaus um að erlendu matsfyrirtækin myndu lækka lánshæfismat íslenska ríkisins ef þjóðin samþykkti ekki samningana um lausn Icesave deilunnar í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl sl.

Nútíma atvinnulíf verður að búa við frjálst fjármagnsflæði og óheftan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum og geta sótt sér bæði lánsfé og eigið fé. Íslenskt atvinnulíf getur því ekki búið við gjaldeyrishöft til lengri tíma. Þau valda efnahagslífinu skaða; fjármagnskostnaður þjóðarinnar hækkar, þau draga úr tiltrú á hagkerfið og takmarka aðgang landsins að fjármagni.

Áætlun um gjaldeyrishöft í fimm ár er alltof metnaðarlítill og seinkar lífkjarabata alls almennings í landinu. Áætlunina skortir að auki skýr markmið sem getur reynst stjórnvöldum skjól til að fresta nauðsynlegum ákvörðunum er lúta að afnámi haftanna. Langvinn höft verja atvinnulífið fyrir samkeppni og beinir einkaaðilum í miður arðbær verkefni. Það er því afar brýnt að endurskoða áætlunina með það að markmiði að ljúka afnámi haftanna á næsta ári. Eitt af lykilatriðum til að efla trú á landinu og efla fjárfestingar er að höftin hverfi og að íslenskur fjármagnsmarkaður tengist útlöndum á eðlilegan hátt. Metnaðarfull áætlun um afnám gjaldeyrishafta væri yfirlýsing um að stjórnvöld hefðu trú á hagkerfinu og íslensku krónunni.

Gjaldeyrishöftin fela í sér að fyrirtæki hér á landi geta ekki átt samstarf við erlend fyrirtæki á jafnréttisgrundvelli. Atvinnulífið getur ekki fjárfest erlendis og höftin stöðva framþróun og nýsköpun í fyrirtækjunum. Höftin gera það erfiðara en ella að fá erlent fjármagn til fjárfestinga inn í landið. Óeðlilega lágt raungengi krónunnar, nægt framboð af vinnuafli, nýgerðir kjarasamningar til þriggja ára og traustir innviðir ættu fremur að auka áhuga fjárfesta á Íslandi en letja og ýta undir styrkingu krónunnar.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efni frumvarpsins endurspeglar að mestu gildandi reglur Seðlabankans um gjaldeyrismál. Nokkur atriði eru útfærð nánar í frumvarpinu og þá er hert enn frekar á ákvæði 4. gr. reglnanna, sbr. fjórðu síðustu málsgrein d liðar 3. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að þeim hluta gjaldeyris sem keyptur er til að greiða kostnað vegna ferðalaga erlendis og ekki er nýttur í fyrirhugaðri ferð skuli skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá lokum ferðar. Sama gildir ef ekki verður af fyrirhugaðri ferð. Samtökin leggjast gegn þessu ákvæði enda fylgir enginn rökstuðningur fyrir nauðsyn þess né heldur er skýrt út hvernig skuli fylgja því eftir að ónýttum gjaldeyri sé skilað innan tiltekins frests.

Samtök atvinnulífsins telja að framansögðu brýna nauðsyn að endurskoða áætlunina um afnám gjaldeyrishafta með það að markmiði að flýta því ferli verulega. Það er því engin þörf á að lögfesta þetta frumvarp fyrir en ný áætlun liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

